

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hildigunnur Halldórsdóttir  
fiðluleikari

og  
Sólveig Anna Jónsdóttir  
píanóleikari

Þriðjudaginn 23. júlí 1996 kl. 20:30

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

**Hildigunnur Halldórsdóttir** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólunum í Reykjavík haustið 1987. Kennarar hennar voru Guðný Guðmundsdóttir og Mark Reedman. Hún stundaði síðan framhaldsnám við Eastman tónlistarskólann í Rochester í Bandaríkjunum og lauk þaðan meistaragráðu árið 1992. Hildigunnur var ráðin uppfærslumaður í Sinfóníuhljómsveit Íslands haustið 1992 og starfar einnig með Caput hópnum og Camerartica. Hún hlaut styrk úr menningarsjóði Garðabæjar sumarið 1995.

**Sólveig Anna Jónsdóttir** er fædd og uppalin á Akureyri og stundaði píanónám frá átta ára aldri, fyrst á Ísafirði en síðan á Akureyri og í Reykjavík. Hún var í framhaldsnámi í Texas í Bandaríkjunum. Helstu kennarar hennar voru Ragnar H. Ragnar, Philip Jenkins, Halldór Haraldsson og Nancy Weems. Hún hefur einnig sótt einkatíma til Willem Brons og Önnu Málfríðar Sigurðardóttur. Sólveig starfar við tónlistarkennslu og píanóleik í Reykjavík og Garðabæ og hefur meðal annars leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur og ýmsum smærri kammermúsíkhópum.

### *Efnisskrá*

- |                                     |  |
|-------------------------------------|--|
| Wolfgang A. Mozart<br>(1756 - 1791) | Sónata K. 454 í B-dúr fyrir píanó og fiðlu<br>Largo<br>Allegro<br>Andante<br>Allegretto                |
| Anton Webern<br>(1883 - 1945)       | Fjórir þættir fyrir fiðlu og píanó op. 7<br>Mjög hægt<br>Hratt<br>Mjög hægt<br>Með ákafa               |
| Johannes Brahms<br>(1833 - 1897)    | Sónata í G-dúr op. 78 fyrir píanó og fiðlu<br>Vivace ma non troppo<br>Adagio<br>Allegro molto moderato |